28.

Jakob B. Bjarnason, Síðu

“Vorboðinn”

Blað U.m.f. Vorboðinn
VI. ár. 1. tbl. 19. febrúar 1921

Vorboðinn

1 tbl. Laugard. 19 Febr. 1921. 6 Árg.

Vorboðinn.

1. Tölublað	Blað U. M. Fjl. „Vorboðinn“ Ritstj. Hl. H. Árnason.	1921. 6. Árg.

Áramót.

Árin líða; hvert af öðru hverfa þau í ómælisdjúp tímans. Áratugir og aldaraðir hverfa í móðu fortíðarinnar, engin veit hvenær þau fyrst hófu göngu sína, enginn veit hvenær árin þrjóta, þau eru eins og tíminn, eilíf hafa ekkert upphaf og engan endi.

Þegar eitt ár er liðið og annað hefst eða á áramótunum, verður oss það ósjálfrátt að litast um. Við lítum til baka og minnumst þess, er við hefir borið á liðna árinu, við rifjum upp atburðina, sumir

hafa valdið sársauka aðrir gleði. En margt er gleymt – gleymt okkur, en hver atburður hversu smávægilegur sem hann virðist, skrifast óafmáanlegu letri í bók náttúrunnar. Því hvert smáatvik hefir sitt gildi fyrir þróun einstaklingsins og þróun náttúrunnar.

En um leið og við lítum til baka athugum við, hvort okkur á árinu hefir miðað aftur á bak, ellegar nokkuð á leið. Við spyrjum sjálfa okkur „Hvað er nú arður okkar starfs? – Hvernig hljóða svörin? sjálfsagt ýmislega, en ef við erum samviskusamir endurskoðendur, þá finnum við víst flestir eitthvað að athuga við ársreikninginn, og tekjuafgangurinn verður víst ekki mikill hjá okkur mörgum, – höfuðstóllinn lítið aukinn, En ef svo er, að við höfum engan tekjuafgang, höfum ekkert bætt við höfuðstólinn, það er að segja ef við á árinu höfum ekkert þroskast að andlegri eða líkamlegri atgerfi til hvers höfum við þá starfað? Þá hefur okkur farið eins og þeim sem gróf pund sitt í jörðu í stað þess að ávaxta það; við höfum eitt tímanum til ónýtis og stöndum í nákvamlega sömu sporunum og við gerðum fyrir ári síðan. – En tíminn er dýrmætur. Einhver spekinguinn hefir sagt: „Fjármuna getur maður aflað sjer aftur, en ónotaður tími kemur aldrei aftur.“ Höfum því hugfast að nota tímann vel og látum það ekki draga kjark úr okkur, þó skuld skyggi fyrir sjón.

Ísleifur H. Árnason.

Hver er mestur núlifandi
Íslendinga?

Ritgerð gerð í íslenskutíma á Gagnfr.sk.
~~á Akureyri~~ í Marts 1920.

„Orðstír deyr aldregi
hveims sjer góðan getur."

Mjer er ljóst, að jeg er ekki fær um að svara þessari spurningu, til þess skortir mig þekkingu. Jeg lýsi því einnig við, að lengi megi deila um það, hver sje mestur, því eigi er gott að finna þeim mönnum sameiginlegan mælikvarða, er fátt hafa sameiginlegt. Ísland á nú nokkra sonu, er standa framarlega á ýmsum sviðum, en enginn þeirra ber ægishjálminn. Ef jeg þekti þessa menn segði jeg: „Sá er mestur, sem er bestur," en því ver er málinu ekki þannig farið, svo að jeg hlýt að dæma þá eftir verkunum, en „verkin lofa meistarann" segir máltækið.

Mjer detta margir í hug: Þorv. Thoroddsen, Finnur Jónsson, Hannes Hafstein og fleiri. Loks stöðvast hugur minn hjá aldna þjóðskáldinu okkar: Matthíasi. Jeg álít að hann hafi mest til brunns að bera þegar alt kemur til alls, þeirra Íslendinga sem mjer eru kunnir. Það eru auðvitað nokkrir sem hafa unnið eins mikið og hann, en það ber ekki að dæma þá eftir því, heldur hinu, hver hefur þroskaðasta og besta sál. Enginn Íslendingur speglar sál sína eins í verkunum og hann, þau eru skuggsjá sálar hans.

Mörg kvæði hans eru þrungin lífsspeki og ást á öllu fögru og góðu, og hann slær frekar en flest vor skáld strengi tilfinninganna; og slík áhrif auka ætíð guðdómsneistann í sál okkar, færa okkur nær Guði. Ef við lesum ljóð hans með athygli finnum við mörg gullkorn er ætíð munu glóa, við teigum veigar sannleika og lífsspeki.

Ekki sje jeg ástæðu til þess að fara að telja upp bestu kvæði hans hjer. Þess gerist ekki þörf, þau eru okkur öllum svo kunn; þó dettur mjer í hug að setja hjer eitt erindi, það heitir:

Auðurinn besti.

„Hver sem á himneska auðinn,
frá honum stelur ei dauðinn,
þó eigi hann ekki á sig kjólinn
er hann samt ríkari en sólin."

Það má einnig telja honum það til gildis, að hann ritar ljóst og greinilega. Þegar við lesum rit hans, lendum við ekki í neinu moldviðri líkinga og óljósra hugmynda. Efnið er klætt einföldum og óbrotnum búningi. Með ljóðum sínum og þýðingum hefir Matthías lagt íslenskum bókmentum drjúgri og betri skerf en flestir aðrir. Nú er hann kominn á elliár, en sálin er en ung undir silfurhærunum. Minning hans mun lifa meðan landið byggist, því að hann hefir getið sjer góðan orðstír.

Ást. H. Árnason.

Á dansleik.

Það var Laugardagskvöld. Jeg var önnum kafinn að búa mig á dansleik, sem halda átti þá um kvöldið. Jeg var orðin nokkuð seint fyrir, því klukkan var þegar hálfsjö, en dansleikurinn átti að byrja kl. 7. Samt vissi jeg að öllu var óhætt ennþá, enda tíska að koma ekki stundvíslega, slíkt jafnvel talin ósvinna, þegar klukkan var að byrja að ganga 8. hjelt jeg af stað, búin sem best jeg gat og uppstrokin eftir föngum x. Fátt af fólki var komið nokkrar hræður sem stóðu fram með veggjum danssalsins á við og dreif og stungu saman nefjum. Jeg leit yfir hópinn og þekti fáa, því að jeg var aðkomu-

maður í bænum. Hafði mjer verið boðið af skólabræðir mínum, sem enn þá var ókominn. Loks þegar kl. var 8 voru allir komnir. Salurinn var að líta marglitan söfnuð. Þar voru eldri og heldri menn bæjarins í kjólbúningum og frakkafötum, hefðarfrúr í dökkum og ungfrúr í ljósum silkikjólum örfáar í peisufötum.

Flestir yngri menn voru í „smoking" eða „jacket". Jeg rendi augunum yfir hópinn. Jú, þarna var hún. Hennar vegna hafði jeg komið á dansleikinn, um alt annað var mjer sama. Dansinn hófst — Jeg fylgdi henni með augunum. Já, víst var hún falleg, töfrandi, þegar hún leið eftir salnum. há og tíguleg eins og drotning. Hún var kát, í kvöld, og spjallaði við alla og brosti við öllum, en ~~til~~ öll brosin tileinkaði jeg mjer, því jeg var ástfanginn. — Þar fjekk jeg loksins tækifæri til þess að dansa við hana. Hvílík sala. Jeg gat, ekkert sagt við hana, alt sem jeg var búin að hugsa mjer að segja var horfið úr huga mjer. Við dönsuðum þegjandi. Jeg tók aðeins þjettar utan um hana og þrýsti henni að mjer, og gleymdi öllu, öllu öðru en því að hún var í faðmi mínum. En jeg varð að sleppa henni, eftir augnabliks að mjer fanst, jeg hefði feginn viljað dansa við hana altaf — altaf.

Jeg hafði ekki augun af henni. Nú var hún að dansa við nýkomna lækninn. Hún dansaði altaf innilega við hann og þau töluðu svo mikið saman og hlógu, og að síðustu hvíslaði hann einhverju að henni. Mjer var nóg boðið og jeg varð að fá að vita vissu mína og það strax. Jeg bauð henni upp, en þegar hún var komin í faðm minn var jeg sæll eins og áður. Og hvað átti jeg að segja, jeg fann engin orð. Loks hvíslaði jeg í eyra hennar: „Brynhildur", og í þessu eina orði lágu tilfinningar mínar,

framtíð mín, jeg ætlaðist til hún skyldi það. Hvernig svaraði hún? Ekki með orðum. – Hún hallaði höfðu sínu upp að vanga mínum, og vangi hennar snerti vanga minn, og þannig dönsuðum við lengi, jeg í algleymissælu hún í stundar nautn. Nú var jeg öruggur, þóttist viss um að hún elskaði mig, en þegar við hættum að dansa varð jeg að fara út til þess að kæla blóðið.

Eftir stutta stund fór jeg inn aftur. Hvar var hún? – Ekki var hún í salnum. Jeg gekk að næsta hliðarherbergi, rauð dyratjöld hjengu fyrir dyrunum. Jeg ýtti tjöldunum til hliðar og ætlaði inn, en hörfaði til baka þarna sat hún í legubekknum við hlið læknisins. Hann hjelt utan um hana. Mjer sortnaði fyrir augum. Hvernig stóð á þessu? Mjer flaug í hug að rjúka inn og krefja hana reikningsskapar, en mundi um leið eftir að hún hafði ekkert sagt, engu lofað. Jeg reikaði því út allar mínar vonir og ástardraumar var að engu orðið. Jeg fann að mjer var ofaukið í danssalnum, ef til vill var mjer ofaukið í veröldinni. Áðan þóttist jeg viss um að jeg væri hamingjusamasti maður í heiminum. Hræðilega hafði mjer skjátlast. Jeg hlaut að vera mikið barn.

Lengi reikaði jeg ~~um~~ fram og aftur um stræti. Enginn sá mig, enginn nema máninn en hann glotti bara kuldalega og sagði: „Það er best fyrir þig að hafa þig heim þú ert víst fullur í kvöld lagsmaður."

Grímsi.